
Til ferðaskipuleggjenda vegna nýrrar löggjafar á sviði ferðamála.

Þann 1. janúar nk. taka gildi nýlög um Ferðamálastofu nr. [96/2018](#) og lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. [95/2018](#)

Um verulegar breytingar er að ræða á starfsumhverfi ferðaskipuleggjenda. Hugtakið ferðaskipuleggjandi verður ekki til samkvæmt nýrri löggjöf. Skilgreint er nýtt hugtak, [ferðasali dagsferða](#).

Starfsemi margra núverandi ferðaskipuleggjanda er með þeim hætti að þeir verða leyfis- og tryggingarskyldir sem [ferðaskrifstofur](#). Því er mikilvægt að forsvarsmenn og starfsmenn ferðaskipuleggjenda kynni sér nýja löggjöf vel og öðlist góðan skilning á þeim hugtökum sem þar eru notuð. Ferðaskipuleggjendur eru hvattir til að kynna sér breytingarnar og laga sig að breyttum aðstæðum.

Lög um Ferðamálastofu

Helstu breytingar lúta að leyfismálum, skyldu til að gera öryggisáætlanir og heimild Ferðamálastofu til að leggja á dagsektir.

Leyfismál

Leyfin verða tvenns konar; [ferðaskrifstofuleyfi](#) og leyfi sem [ferðasali dagsferða](#). Bókunarþjónustur leggjast af.

Núverandi ferðaskipuleggjendur þurfa að skoða starfsemi sína út frá nýrri löggjöf og sækja um viðeigandi leyfi fyrir 1. mars 2019. Ferðamálastofa metur hvort starfsemi telst falla undir hugtakið ferðaskrifstofa eða ferðasali dagsferða. Ekki er tekið leyfisgjald fyrir ný leyfi sé sótt um fyrir 1. mars nk. Rétt er að benda á að falli starfsemi undir starfsemi ferðaskrifstofa þarf að greiða gjald vegna mats á tryggingafjárhæð í samræmi við [VII. kafla laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun](#). Sæki ferðaskipuleggjendur ekki um nýtt leyfi fyrir 1. mars 2019 teljast þeir leyfislausir og er óheimilt að halda áfram starfsemi. ([Ákv. til bráðabirgða nr. I](#)). Innheimt verður leyfisgjald fyrir allar umsóknir sem berast eftir 1. mars 2019.

Hægt verður að sækja um ný leyfi í gegnum þjónustugátt Ferðamálastofu frá 1. janúar 2019.

Seljendur [pakkaferða](#), þ.e. [skipuleggjendur](#), [smásalar](#) og þeir sem hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#), verða leyfisskyldir sem ferðaskrifstofur og [tryggingarskyldir](#) skv. lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun

Tekin verða upp ný auðkenni ferðasala dagsferða og leyfisbréf verða einungis gefin út rafrænt.

Öryggisáætlanir

Öllum sem framkvæma eða hyggjast framkvæma [skipulagðar ferðir](#) innan íslensks yfirráðasvæðis verður, frá 1. janúar 2019, skylt að hafa skriflegar öryggisáætlanir, á íslensku og ensku, fyrir hverja tegund ferða. Óheimilt verður að bjóða ferð til sölu eða kynna á nokkurn hátt ef öryggisáætlun liggur ekki fyrir.

Leiðbeiningar varðandi öryggisáætlanir má nálgast á [vef Ferðamálastofu](#).

Dagsektir

Nýmæli er heimild Ferðamálastofu til að leggja á [dagsektir](#) ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar á grundvelli laganna. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag.

Lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun

Með lögunum er tilskipun ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun [nr. 2015/2302](#) innleidd í íslenskan rétt. Markmið laganna og tilskipunarinnar er aukin neytendavernd og eru skyldur þeirra sem selja [pakkaferðir](#) eða hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#) skilgreindar í lögunum. Jafnframt er kveðið á um aukin réttindi ferðamanna.

Ekki er lengur heimilt að skipuleggja pakkaferðir og selja í gegnum annan aðila þar sem [skipuleggjandi](#) og [smásali](#) bera [sameiginlega og hvor í sínu lagi ábyrgð](#) á þeirri þjónustu sem er hluti af pakkaferð. Báðir aðilar eru leyfisskyldir sem ferðaskrifstofa og verða að leggja fram tryggingu sem slíkir.

Ferðaskipuleggjendur, samkvæmt núgildandi löggjöf, sem skipuleggja [pakkaferðir](#) eða hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#), samkvæmt nýrri löggjöf, eru hvattir til að kynna sér sérstaklega ákvæði laga [nr. 95/2018](#) um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Ítarlegri upplýsingar um lagabreytingarnar er að finna á [vef Ferðamálastofu](#), mikilvægt er að ferðaskipuleggjendur kynni sér þær.

Akureyri 13. desember 2018

Starfsfólk Ferðamálastofu
Stjórnsýslusvið - leyfisveitingar

